

Tillaga um sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu.

Bæjarráð Svf. Árborgar samþykkir að óska eftir afstöðu sveitarfélaga í Árnessýslu til sameiningar sveitarfélaganna og hvort vilji sé til að hefja viðræður og skoðun á þeim möguleika. Bæjarstjóra er falið að senda sveitarfélögunum erindi þar að lútandi.